



GRÆNA ORKAN

Stjórnarfundur Grænu orkunnar 19.5.2021

Fundurinn fór fram á Teams, klukkan **8:45-10:15**. Mætt voru Ágústa Loftsdóttir, Ásta Þorleifsdóttir, Benedikt Stefánsson, Bjarni Freyr Guðmundsson, Erla Sigríður Gestsdóttir, Gunnar Valur Sveinsson, Helga Barðadóttir, Margrét Þórólfsdóttir, María Jóna Magnúsdóttir, Sigurður Ástgeirsson. Einnig sat fundinn Jón Björn Skúlason og Anna Margrét Kornelíusdóttir ritaði fundinn.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
Engar athugasemdir bárust um síðustu fundargerð.
2. Ný-endurkjörin stjórn skiptir með sér verkum
BS bauð sig fram til formanns og var einróma kosinn af stjórn
3. Málefnavinna starfsársins 2021-2022
Hópar málefnavinnu
 - Aðgerðir til að vera leiðandi í stefnumótunarvinnu orkuskipta (GVS)
Loftslagsstefna atvinnulífsins er í vinnslu með Grænvangi. Loftslagsráð hélt málþing um orkuskipti í ferðaþjónustu í byrjun maí. Fleiri málþing munu verða haldin á árinu. Hugmynd um grænan ferðamannapassa fyrir 2022 var rædd og vel tekið. Hver á að vera ábyrgur fyrir því að koma passanum í framkvæmd? Fyrsta skrefið er að fá bílaleigurnar og gististaði saman til að hafa sameiginlegan fund um hvað er raunhæft í þessu. GVS mun boða til fundar.
 - Gerð tillagna í uppfærða orkuskiptaáætlun (ÁSL)
Búið að funda með Samorku. Samorka er að útbúa tillögur og má einnig virkja félag Grænu orkunnar í það en enn á eftir að skýra hvert samráðsformið verður. Einnig eru mörg undirliggjandi verkefni í gangi sem tengjast orkuskiptaáætlun.
 - Gerð eldsneytisvegvísis (BS, ÁP)
Vinna hafin við að safna efni og heldur hún áfram í júní.
4. Viðburðir 2020-21
 - Orkuskipti á framkvæmdastöðum 3. júní 2021
 - Kynning á Nordic Innovation úthlutun fyrir 2021 – í biðstöðu
 - Raforkuspá og eldsneytisspá – í biðstöðu
 - Staða innviða til orkuskipta í höfnum (ESG, Verkís – vor 2021)
 - Kolefnishlutleysi í ferðaþjónustu á Norðurlöndum (haust 2021)
 - Orkuskipti í flugvallarstarfsemi (ÁP, BFG og GVS - haust 2021)

Aðrir viðburðir sem nefndir voru:

- Danska sendiráðið fjallar um grænt vetni á Norðurlöndum 1. júní
- Orkuskipti stendur fyrir viðburði um framtíð rafeldsneytis 3. júní
- [Orkusjóður gefur út auglýsingu í vikunni](#)
- Viðburður um trukka og vetni 22. júní

5. Önnur mál

Rætt um ábyrgð aðila sem reka hleðslustöðvar við að koma sér á framfæri og inn á hleðslukort og hleðsluöpp (til dæmis <https://openchargemap.org/> og <https://www.plugsurfing.com/>).

SÁ benti á að Noregur [hefði óskað sérstaklega eftir leyfi frá ESA](#) um að veita opinbera styrki til innviðaupbyggingu og kvatti fulltrúa ráðuneytanna til að kynna sér málið.

Í FJR stendur yfir endurskoðun skattlagningar ökutækja og eldsneytis, tillögur koma vonandi á þessu ári sem endurspeglar notkun á kerfinu.

JBS kynnti drög að samantekt um ívilnanir fyrir þungaflutninga.

Næsti stjórnarfundur ákveðinn 23. júní.